



Ræða flutt fyrir alþingiskosningar 1942

Bjarni Benediktsson – Alþingi – Kosningar - Sjálfstæðismenn hafa nú einir farið með stjórn landsins um fimm mánaða skeið, ræða flutt skömmu fyrir seinni alþingiskosningarnar í október 1942.

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður og greinar

Askja 4-1, Örk 3

Sjálfstæðismenn hafa nú einir farið með stjórn landsins um fimm mánaða skeið.

Þeir tóku við ríkisstjórn á einhverjum örðugustu tímum, sem yfir land þetta hafa gengið. Báðir þeir flokkar, sem áður höfðu verið í stjórn með Sjálfstæðisflokknum, höfðu gefist upp, hlaupið frá vandanum og látið hann Sjálfstæðismönnum eftir til úrlausnar. Þeir flokkar, sem svo fóru að, höfðu að vísu við kosningarnar 1937 fengið sameiginlegan meirihluta til að stjórna gegn Sjálfstæðisflokknum. Síðan, er alt var komið í öngþveiti og þeir réðu eigi framur einir við vandann, urðu þeir þó að kveðja Sjálfstæðismenn sér til hjálpar. Og er vandinn óx og viðfangsefnin urðu óvenjulegri þá lögðu þeir allveg árar í bát og neituðu að veita málefnum ríkisins þá forstöðu, sem fólkið á sínum tíma hafði fengið þeim.

Sjálfstæðisflokkurinn einn sýndi þá, að hann var forystunni vaxinn. Hann tók einn við völdum, þótt í algerum minnihluta væri á Alþingi og lofaði að stýra málefnum ríkisins á meðan verið væri að lögfasta þá breytingu á kjördæmaskipuninni, sem óhjákvæmileg var, ef þingið átti eigi algerlega að slitna úr tengslum við þjóðina.

Er ríkisstjórnin tók við völdum vantaði eigi hrakspár. Að sumu leyti hafa þær ræst. Ekki þó um aðgerðir ríkisstjórnarinnar sjálfrar heldur hinna, sem hrakspárnar báru fram. Stjórnmalabaráttan hefir verið hörð hér í landi þessa síðustu fimm mánuði. Stjórnarandstöðan hefir verið ósvífarnari og skeytingarminni um alþjóðarhag heldur en nokkru sinni áður síðan við fengum sjálfsforræði á ný. Þetta, ásamt þeim örðugleikum, sem viðfangsefnin sjálf sköpuðu, hefir sannarlega gert að verkum, að eigi hefir verið leikur einn að standa fyrir málefnum þjóðarinnar þenna tíma.

En samt er það svo, að á þessum 5 mánuðum hafa gerst atburðir, sem áreiðanlega verður lengi minnst í Íslands-sögu. Eigi til ills, heldur sem hinna merkustu átaka, sem okkar kynslóð hefir gert til góðs fyrir land og lýð.

Á þessum mánuðum hefir tekist að fá viðurkenningu eins völdugasta ríkis veraldarinnar á stofnun íslensks lýðveldis. Aðdragandi þess er öllum landslýð nú kunnur, og skal hann því eigi rakinná sinni. Einungis skal á það drepið, að eins og þessarar viðurkenningar mun um aldir verða með fögnuði minnst í íslenskum hugum, þá mun og skömm þeim, sem þegar mest reið á brúðust, og skárust úr leik til þess í skammsýni sinni að hreykja sér hátt á hindrunum þeim, sem þeir þá héldu að væri í vegi fyrir frelsi þjóðar sinnar, - þeirra skömm mun um kynslóðir verða rifjuð upp íslenskum æskulýð til viðvörunar. Gifta lands var meiri en svo, að óheill stafaði af aðförum þessara manna. En hinu má nærri geta, að eigi hafi þær

auðveldað torunnið verk ríkisstjórnarinnar, sem með lipurð í því, er minna máli skifti, en festu í hinu, sem þýðingu hafði, tókst að halda svo á málum, sem raun ber vitni um, að fullnaðarviðurkenning á íslensku lýðveldi er fengin um leið og virðing íslensku þjóðarinnar hjá hinum miklu lýðræðisríkjum er betur trygð en nokkru sinni fyrr.

Hinn atburðurinn, sem að vísu hefir minni þýðingu og einungis varðar innbyrðisviðskifti okkar Íslendinga, en mun þó um langan aldur verða minst sem afdrifaríkrar réttarbótar, er leiðrétting sú, sem fengist hefir á kjördæmaskipuninni.

Með henni eru skapaðir möguleikar til þess að eyða forréttingum og yfirgangi Framsóknarflokkanna í stjórnmalum landsins. Í fimmtán ár hafa þeir verið í forystu um ríkisstjórn hér á landi.

Við munum öll, að þegar þeir voru að tryggja völd sín, þá gerði formaður þeirra sér eigi tíðræddara um neitt annað en þá örðugleika, sem stöfuðu af gjaldþroti þriggja meiriháttar atvinnurekenda í þremur fjórðungum landsins. Það var alveg rétt hjá honum, að af svo stórfeldum fjárprotum, sem að í þessum tilfellum að vísu urðu fyrir breytta atvinnuhætti og aðstæður, hlaut að leiða margskonar röskun og því ber að halda svo á, að til slíks geti ekki komið.

En á síðustu fimm mánuðum hefir þjóðin orðið að taka við stjórnmalagjaldþroti Framsóknarflokksins. Framsókn afhenti bú sitt sjálf til skiftameðferðar, þegar hún á s.l. vori hljóp frá forystunni. Það er óhjákvæmilegt, að svo umsvifamikil skiftameðferð, sem verður á hinn ómurlegu arfleifð Framsóknar hlýtur að verða ýmsum örðugleikum háð og eigi furða þótt sumt gangi úr skorðum á meðan verið er að gera protabúið upp.

Úrlausn dægurmálanna hefir því um margt verið örðug á þessum síðustu 5 mánuðum. Þeim, sem meira meta smámuni daglegs þvargs en hin stóru stefnumál, sem eiga eftir að breyta lífi kynslóðanna um áratugi og aldir, þykir því sem stjórninni hafi um sumt verið ábótavant. Einn kvartar undan því, að Magnús Jónsson hafi eigi viljað láta sig fá aukinn sykurskamt í bakaríið sitt. Annar yfir því, að hann hafi eigi fengið bíl hjá Jakobi Möller. Og sá þriðji segir, að það sé alt of erfiðt að ná í Ólaf Thors.

En eru það þessi dægurmál, sem nú á að kjósa um?

Það skal að vísu játað, að æskilegt væri, að ekkert bakarí þyrfti að skorta sykur, að allir þeir 1500 menn, sem hafa sótt um bíla, gæti fengið þá, og að forsætisráðherrann hefði engu öðru að sinna en að tala við alla þá, sem eigi finst málum sínum borgið, nema þeir hafi rætt þau við hann persónulega. En þótt alt þetta væri æskilegt, þá veltur samt framtíð íslensku þjóðarinnar ekki á því.

Á hinu gat hún oltið, hvort viðurkenning völdugustu lýðræðisríkjanna fengist á lýðveldinu íslenska. Þessi viðurkenning er nú fengin fyrir farsæla forystu ríkisstjórnar sjálfstæðismanna,

Framtíð þjóðarinnar gat líka oltíð á því, hvort Framsókn tækist að halda í rangfengin völd í skjóli úreltrar kjördæmaskipunar. Fyrir forystu Sjálfstæðismanna og ríkisstjórnar þeirra hefir þjóðin nú í hendi sinni að velta af sér Framsóknarokinu fyrir fult og alt.

Framtíð þjóðarinnar veltur á því, hvernig hún heldur nú á sínu. Hverjum hún felur forystuna á næstu árum.

Hér í Reykjavík eru það fimm flokkar, sem falast eftir umboði kjósendanna.

Um tvo þeirra þarf ekki í alvöru að ræða.

Framsóknarflokkurinn hefir verið að smámorkna niður hér í bæ. Þetta er sjálfsagt í síðasta sinnið, sem hann yfirleitt býður hér fram. Um þá dauðu er sagt, að ekkert meigi segja nema gott. Um afskipti Framsóknarflokksins áf bæjarmálefnum Reykjavíkur verður aftur á móti ekkert sagt nema illt, en af því að hann er alveg að dauða kominn, er rétt að hlífa honum frá frekari umræðum.

Svipað stendur á um lið Jónasar Þorbergssonar. Í vor var útvarpsstjórinn sendur út af Framsóknarörkinni til þess að reyna að fá Reykvíkinga til að dreifa svo atkvæðum sínum, að eitthvað verulegt af þeim félli dautt til jarðar, svo að Framsókn fengi því fremur stöðvunarvald það, sem hún þá sóttist eftir. Þetta mæstókst og hinn fámenni söfnuður hins siðprúða manns var að því kominn að leysast upp, þegar honum barst óventur liðsstyrkur. Árni Jónsson frá Múla sagði sig úr þeim flokki, sem hann frá upphafi hafði í verið og gekk í þessa fríkirkju Jónasar Þorbergssonar. Hefir hann sjálfur sagt, að með því hafi hann ætlað að breyta henni í þá Múlakvísl, sem tæki kjósendastraum frá Sjálfstæðisflokknum. Með þessu hefir Árni sjálfur valið sér það nafn, að hann se' kvíslingur gagnvart sínum gamla flokki og þar með einkent þessa starfsemi sína. Skal það eitt um þetta athæfi Árna Jónssonar sagt, að verknaðurinn sjálfur eðli sínu samkvæmt sýnir, að manninum eigi er treystandi, sem þá einnig skýrir, hvernig á því stendur, að hann, þrátt fyrir marga góða kosti, skuli hafa hafnað í hinum ótútlega söfnuði Jónasar Þorbergssonar.

Þessir tveir framboðslistar, listi Framsóknar sjálftrar og listi hins útsenda Framsóknarmanns Jónasar Þorbergssonar hafa hvorugir neinn möguleika til að koma manni að, og þeim atkvæðum, er á þá falla er því kastað á glæ.

Þeir þrír listar, sem verulegu fylgi ná og þingmenn fá kosna eru listi Alþýðuflokks, kommunistar, sem nú nefna sig Sameiningarflokk alþýðu, socialistaflokkinn, og Sjálfstæðismanna. Á milli þeirra stendur því baráttan.

Um Alþýðuflokkinn er það að segja, að ýmar kenningar hans láta vel í eyrum og þegar menn heyra þær áferðarfallega fram settar eins og hjá Haraldi Guðmundssyni á dögnum, þá kynni manni að fljúga í hug, að þarna væri þeir, sem framtíðina ættu fyrir sér.

En þar ber einungis einn skugga á, þessar fögru kenningar hafa þegar fengið reynslunnar dóm og hann stóðust þar ekki. Það eru sumir sem segja, að það hafi verið Alþýðuflokksfóringjunum að kenna, ódugnaði þeirra og aðgerðarleysi eða jafnvel öðru verra, hve illa tókst til á meðan þeir stjórnðu. Þetta er misskilningur. Fóringjar Alþýðuflokksins eru margir mikilhæfir menn, en úrræðin, sem þeir bentu á, dugðu ekki. Því meir sem eftir þeirra stefnu var farið, því ver fór.

Öllum er nú t.d. ljóst, að aldrei var ver komið fyrir síldarútvegnum en á meðan Síldareinkasalan sáluga starfaði. Vaxandi fjöldi er einnig ljóst, að þótt græðst geti á bæjarútgerð á meðan öll útgerð gengur vel, þá er ráðið til umbóta, þegar útgerðin á við örðugleika að etja, ekki að stofnsetja bæjarútgerð. Afleiðingin af því er þá sú ein, eins og nærri lá að í Hafnarfirði færi, að útgerðin gerir sjálft bæjarfélagið gjaldþrota með sér. Eina ráðið er, að fara eftir hinni einföldu grundvallarreglu Sjálfstæðismanna að sjá svo um, að útgerðin hafi möguleika til að bera sig. Ef svo er eigi að farið, hlýtur illa að enda, hvort sem það er einstaklingur eða hið opinbera, sem útgerðina rekur.

Jafnvel þau góð mál, sem Alþýðuflokkurinn hefir tekið upp, eins og bygging verkamannabústaða, hefir gengið langsamlega best að framkvæma þar sem eftir annari stjórnarstefnu en þeirra var farið. Í þeim efnum hefir Reykjavík undir stjórn Sjálfstæðismanna haft forystuna en sæluríki Alþýðuflokksins, Ísafjörður, verið langsamlega aftur úr.

Hitt er svo annað, að Alþýðuflokksforsprökkunum eins og öðrum, sem til valda hafa komist, eru um margt mislagðar hendur, umfram það, sem stefnu þeirra verður kent. Þannig er t.d. um öll skifti þeirra af húsnæðisvandræðunum hér í bæ. Nú gera þeir harða hríð að Sjálfstæðismönnum fyrir húsnæðisskort í bænum. Þetta er gert þrátt fyrir það, þótt Reykjavíkurbær hafi s.l. ár komið upp yfir eitt hundrað ágætum bráðabirgðaíbúðum og sé nú að láta reisa líðlega 40 fyrirmyndar íbúðir suður á Melum. Bærinn hefir þannig meira gæðert í þessum efnum heldur en nokkuð annað bæjar- eða sveitarfélag á landinu. Er það þeim mun eftirtektarverðara, þar sem Sjálfstæðismenn telja að öðru jöfnu réttara, að einstaklingar reisi húsinn heldur en hið opinbera. En stefnu sinni samkvæmt, þá skerast þeir í leikinn, þegar þörf er á og þeim er það mögulegt, vegna þess að Reykjavíkurbær hefir verið betur stjórnað en þeim stöðum, þar sem önnur stefna ræðir.

Bæjarstjórninni hefir raunar eigi tekist að ráð til fulls framúr húsnæðisvandræðunum í bænum. En þá ber á það að líta, að formaður lþýðuflokksins dró það um ár á meðan hann var ráðherra að verða við éttmætum kröfum bæjarstjórnarinnar um forgangsrétt íbúá bæjarins, fram utanbæjarmenn, að húsnæði hér. Og síðan lét húsaleigunefnd, um framkvæmd þessa lagabóts atti að sjá og að meiri hluta er ípuð hátt settum Alþýðuflokksmönnum, annað ár líða, þangað til kið var að framfylgja því. Það var fyrst er bæjarstjórn fór út vir sitt valdsvið og heimtaði aðgerðir að handa var hafist.

Ásakanir eru bornar fram um það, að eigi hafi verið lögboðin skömtun á húsnæði. Eg hefi að vísu af fullri einurð fylgt eftir þeirri samþykkt bæjarráðs, að heimilað væri að ráðstafa lítt notuðu húsnæði. En ég verð að segja, að á meðan Alþýðublaðið nærri daglega birti fullyrðingar um, að fjöldi alveg ónotaðra íbúða sé í bænum og á meðan húsaleigunefnd, sem Alþýðuflokkurinn hefir meirihluta í, af einhverjum ástæðum lætur hjá líða að ráðstafa þessum íbúðum handa húsnæðislausu fólki svo sem hún hefir lagaheimild til, þá er von að nokkur tregða sé á, að bráðabirgðalög séu gefin til jafn róttækrar ráðstöfunar sem skömtunar á húsnæði. Vil ég þó með engu móti verja óhóflega notkun húsnæðis. Þvert á móti víti ég hana harðlega og bendi þeim á, sem um hana gerast sekir, að þegar neyðin knýr að dyrum verður að taka húsnæði þar sem það er til.

En svo að frá þessu sérstaka máli, húsnæðisvandræðunum, sé horfið og aftur að Alþýðuflokknum, þá er veikleiki hans sá, að hversu góðum mönnum, sem hann hefir á að skipa og hversu vel, sem þeir halda á málum flokksins, þá fá þeir aldrei við bölváðar stöðreyndirnar ráðið. Þær hafa orðið stefnu þeirra að fjórtjóni og þessvegna er hætt við að fylgi þeirra verði minna en sjálfir myndu þeir kjósa.

Um kommunistana er sumt líkt og Alþýðuflokkinn en annað ólíkt. Báðir lofa þeir öllum gulli og grænum skógum, kommunistarnir sjálfsagt eigi af minni einlægni en hinir. Munurinn er sá, að þar sem fólkið þegar af fenginni reynslu hefir fengið meira en nóg af Alþýðuflokknum, þá eru kommunistarnir enn óreyndir, og þessvegna verða fleiri til að trúá þeim í bili.

Eg segi, að kommunistarnir séu enn óreyndir. Það er rétt, að því leyti, að enn hafa þeir aldrei átt fulltrúa í íslenskri ríkisstjórn. Þessvegna hefir enn eigi farið fyrir þeim eins og Alþýðuflokknum, að fólkið fann því sárar til atvinnuleysis og örbirgðar því meir sem völd flokksins urðu. Þessvegna hafa kommunistar enn þá öfundsverðu - en óneitanlega hálf löðurmannlegu - aðstöðu að geta gagnrýnt alt og alla án þess að hafa þurft að sýna, hvað í þeim býr þegar á skal reyna.

En þrátt fyrir þessa aðstöðu kommunista, þá hefir samt fengist af þeim sú reynsla, að þeir sem skilja vilja, mega nú þegar skynja að frá þeim er eigi frelsunar von. Eg gat áðan um það, sem öllum Íslendingum er hugstætt, að undir forystu Sjálfstæðismanna hefir fengist viðurkenning hinna völdugu Bandaríkja á stofnum íslensks lýðveldis og mega kommunistar eiga það, að framkoma þeirra í því máli að síðasta þingi var á engan hátt vítaverð.

En vilja menn nú samt eigi velta því fyrir sér, hvort þeir halda, að t.d. því máli hefði verið borgið undir forystu kommunista?

Er þá rétt að rifja ögn upp fyrir sér afskifti þeirra af utanríkismálunum.

Verður mér þá fyrst fyrir að minnst þess, að á fyrstu árum mínum í bæjarstjórn, 1934 og þar á eftir, kom Einar Olgeirsson stundum á fund í bæjarstjórn í forföllum félaga sinna þar.

Ég skal játa, að mér hefir stíð þótt mikið til bæjarstjórnar Reykjavíkur koma og talið vald hennar vera töluvert, en samt man ég það, að nokkuð þótti mér í mikið ráðist, þegar Einar Olgeirsson hvað eftir annað gerði hana að vettvangi ákafra ræðuhalda um alheimsstjórnsmál og réðist þar með heiftúðarillyrðum á þjóðabandalagið og stimplaði það sem einn höfuð fjandmann friðarins og frelsis verkalyðsins um heim allan. Þrátt fyrir virðuleik bæjarstjórnar Reykjavíkur virtist mér hæpið, að hún gæti ráðið niðurlögum þjóðabandalagsins. Því fór og betur fyrir Einar, að honum tókst eigi að egna til ófriðar þarna í milli, því að skömmu síðar var hann orðinn eldheitur stuðningsmaður bandalagsins. Hvað hafði breyst? Jú, Rússland hafði gengið í bandalagið og þar með hvarf það af dagskrá á fundum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Þá munum við öll eftir því, þegar kommunistar, einkum undir forystu Halldórs Kiljans Laxness, kröfðust þess sumarið 1939, að við leituum verndar Bretlands og kváðu það ganga landráðum næst að gera sér eigi grein fyrir, að hér yrði eigi lifað frjálsu lífi, nema í skjóli hins mikla eyveldis. Á meðan þessu var haldið fram stóðu yfir samningar um bandalag milli Englands og Rússlands. Alt í einu lauk þeim samningum á þann ómurlaga hátt, að Rússar sömdu vináttusamning - ekki við Englendinga - heldur við Þjóðverja. Fáum dögum síðar braust stríðið út, og hættan fyrir smáþjóðirnar varð geigvænlegri en nokkru sinni fyrr. Um skeið sló þá þögn á utanríkisráðsáttmálaþekinga kommunista. Síðar opnuðust máltólin þó á ný. "Línan" frá Moskva var komin. En þá var eigi frammar minst á vernd Breta.

Verndin kom samt engu að síður. En þá var henni tekið þannig af kommunistum, sem allir muna og allir góðir Íslendingar harma, að nokkrir forystumenn þeirra voru fluttir úr landi fyrir að spilla vinnufriði í setuliðsframkvæmdunum. Sem betur fór stóð sú herleiðing ekki lengi. Íslensk stjórnarvöld settu það sem skilyrði, þegar hverndar-samningurinn við Bandaríkin var gerður, að þessir heiðustu menn væri losaðir úr haldi og sendir heim.

Heim komu þeir og þá sem umventir menn. Sagan segir að vísu, að þeir hafi verið settir á einhvern fjöðurlanðsvinaskóla í Bretlandi, en samt hafa menn fyrir satt, að það hafi eigi verið námið þar sem breytti þeim svo, að setuliðsvinnan var skyndilega skýrð upp og þaðan í frá kölluð landvarnarvinna. Það, sem hafði skeð, var, að Rússar voru komnir í stríðið með Englendingum. Þá breyttist margt. Hitler, sem um skeið hafði verið hálfbróðir Stalins, varð aftur höfuðóvinurinn og nýskírðu landvarnarvinnu mátti eigi trufla, enda þótt forráðamenn hennar, einir allra atvinnurekenda á Íslandi, neituðu öllum samningum við verkalyðsfélögin um kaup og kjör.

Eg skal játa, að rússneska þjóðin hefir sýnt mikinn hetjuhug í þeim heljarátökum, sem nú eiga sér stað í Austurvegi. Hún elskar auðsýnilega land sitt, þessa frjóu jörð, sem full er af ótæmandi auðsuppsprettum, sem fróðir menn hafa lengi talið, að þegar vestlægri menningu og tækni yrði við beitt, þá mundi þar ríkja auður og all-nægtir. Það er ljóst, að hinni harðsvíruðu rússnesku einræðisstjórn hefir að nokkru leyti þegar tekist að leysa þessar auðlindir úr læðingi. En á það skal mint, að Davies sendiherra Bandaríkjanna, sem þar var um skeið og Litvinoff telur færaasta og Rússum vinsamlegasta erlenda erindreka, sem þar var, segir í bók, sem sami Litvinoff telur bestu bókina, sem út hafi komið um Rússland, að einmitt það, sem áunnist hefir í Rússlandi hafi náð fram að ganga beinlínis vegna þess, að stjórnin hafði vit á að kasta kommunista-kenningunum fyrir borð að verulegu leyti, og vitna í þess stað til sjálfsbjargarhvatningarinnar og einstaklingshyggjunnar hjá hverjum og einum. En þótt ~~ekki~~ ~~alt~~ ~~þetta~~ sé viðurkent ekki eitt orð á móti Rússum sagt, þá held ég samt, að okkur Íslendingum sé all-flestum nær skapi að miða utan-ríkismál okkar fremur við íslenskar þarfir en rússneskar.

Eg veit, að það hlýtur að vera nokkuð æfintýraríkt, að vera í flokki, sem heldur svo mörgum og mismunandi skoðunum fram um hin mest varðandi mál sem kommunistar hafa í þessu gert. Og það hlýtur að vera dálítið spennandi að mega ætíð búast við að því, sem maður heldur fram í dag, verði hann að mótmæla á morgun, ekki vegna þess að eigin skynsemi hafi komið manni á aðra skoðun, heldur vegna þess að valdboð hefir komið alla leið austan frá Moskva um, að nú verði að snúa við blaðinu.

En þrátt fyrir það hygg ég, að íslenskum almenningi sé ljóst, að ef hugsa á um íslenskt sjálfstæði sé betra að leita forsjá þeirra, sem alveg er örugt um, að einungis hafa íslenska hagsmuni fyrir augum.

Alveg eins og Reykvíkingar munu áreiðanlega verða á því, að í viðureigninni við Framsókn er vart að treysta þeim, sem haldu sér af að hafa lánað henni atkvæði til að koma að 7 þingmönnum af 19 og þar með gert möguleg öll hennar óhappaverk um fimm ára skeið. Þinkum þegar á það er litið, að þrátt fyrir gagnstæða yfirlýsingu í útvarpinu þá hvísla kommunistarnir því nú, þar sem þeir halda, að slíkt eigi við, að ef þeir eflist enn við þessar kosningar, þá sé sterk vinstri samvinna tryggð næstu árin, þ.e. nýtt ófremdar Framsóknar-tímabil á að hefjast. Það eru áreiðanlega fáir Reykvíkingar, sem þess óska.

Sjálfstæðismenn einir hafa sýnt, að þeim er treystandi. Á sínum skamma valdatíma nú hafa þeir unnið stórvirki, sem lengi verða uppi. Ef þeir fá forystuna á næstu árum mun þessu bæjarfélagi og þjóðinni í heild vegna vel.

Veikleiki höfuðandstæðings Sjálfstæðismanna hér í bæ, kommunistanna, liggur í því, að allar þeirra fylgisvönir byggjast á því, að þeir fái dulist fyrir fólkinu, fái það til að trúá, að þeir hafi fjarlægst svo sína eiginlegu stefnu, að þeir séu íslenskur flokkur, sem stjórnæð sé með íslenskum hagsmunum fyrir augum, þar sem þeir í raun og sannleika eru smágrein af erlendu flokksbákni, sem lýtur fyrirmálum austrænna einræðisherra um allt, sem máli skiftir.

Styrkleiki Sjálfstæðismanna er sá, að þeim mun betur, sem þeir geta fylgt fram stefnu sinni, því meira fylgi hafa þeir. Á undanförnum árum hefir flokkurinn verið of faliðaður á þingi og þessvegna eigi getað hrint stefnumálum flokksins fram svo sem skyldi.

Kjósendum, það er ykkar að veita flokkinum afl til þess að svo geti orðið.

Góðir Reykvíkingar, Oft hefir mikið verið í húfi en aldrei meira en nú. Gerið nú skyldu yðar gagnvart sjálfum yður og eftirkomendum yðar. Gerið sigur Sjálfstæðismanna á sunnudaginn kemur meiri en nokkru sinni fyrr.